

Skipulagsstofnun  
Páll J. Líndal  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. september 2003  
Tilvísun: UST20030800146/mik

### **Virkjun í Sandá, allt að 295 kW, Eyvindartungu, Bláskógabyggð. Matsskylda**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 25. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar. Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari gögnum um ýmsa þætti framkvæmdarinnar með bréfi dags. 4 september sl. Þau gögn bárust með tölvupósti, dags. 12. september sl.

Í ljósi frekari gagna gerir Umhverfisstofnun eftirfarandi athugasemdir við matsskyldu þessarar framkvæmdar.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Um er að ræða byggingu stíflugarðs og stöðvarhúss í Sandá í Bláskógabyggð og lagningu 880 metra aðrennslispípu í mela sunnan Sandár ásamt vegagerð og efnistöku tengdum framkvæmdunum. Áætlað er að virkja 90-95% af lágmarksrennsli Sandár við stíflu.

#### *Aðkomuleiðir*

Leggja þarf u.þ.b. 50-100 metra langan veg að stöðvarhúsi meðfram Sandá en vegur liggur nú þegar að fyrirhuguðu stíflustæði í gegnum skógræktarsvæði norðan vegar. Jafnframt verður bráðbirgðavegur lagður undir aðveitupípu meðan á framkvæmdum stendur en hann svo fjarlægður.

#### *Frágangur aðrennslispípu*

Aðrennslispípan verður lögð í jörðu í mel sunnan ár og hulin jarðvegi.

#### *Efnistaka*

Stíflustæði er valið með það að markmiði að sem minnst jarðvegsrask fylgi framkvæmdunum. Efnistaka verður því fólgin í því að efni verði fært til beggja megin stíflustæðis að stíflugarði. Steypuefni verður aðkeypt. Ekki er fjallað um hugsanlega efnisþörf vegna vegagerðar.

#### **Umhverfisáhrif**

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif virkjunarinnar sé bein skerðing á gróðurlendi og votlendissvæðum og búsvæði fugla og áhrif á lífríki í Sandá vegna rennslisbreytinga.

### *Áhrif á gróður*

Svæðið er vel gróið, sérstaklega norðan ár þar sem gróðurfar einkennist af graslendi á neðanverðu framkvæmdasvæðinu en af lyngmóum og kjarrgróðri þegar ofar er farið í landið og nær dregur stíflustæði. Sunnan árinna, þar sem rask verður hvað mest, er meira um graslendi og gróðursamsetning er fábreyttari auk þess sem talsverð ummerki rofs gætir þeim megin árinna. Ummerki af völdum framkvæmdarinnar verða mest norðan megin ár, þar sem verndargildi gróðurs er minna og aðstæður til frágangs góðar. Samkvæmt lýsingu framkvæmdaraðila er ætlunin að leggja aðkomuveg að stöðvarhúsi meðfram norðanverðri Sandá. Sú leið mun að mestu liggja yfir graslendi og minni mýrarfláka og eru góðar aðstæður til að haga veglagningu svo að ummerki verði ekki teljandi.

Talsvert er um mýrarfláka meðfram bökkum árinna, en engin þeirra nær þeirri stærð að falla undir sérstaka vernd skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Tegundir í mýrunum kringum ána eru jafnframt algengar á svæðinu. Beint rask á votlendi er takmarkað, þar sem ekki verður farið um mýrar við vegagerð eða við lagningu aðrennslisípu. Aðaláhrif á votlendi munu verða af rennslisminnkun í Sandá, en þar sem mýrarsvæðin fá rennsli úr landi ofan árinna munu þau áhrif að öllum líkindum verða lítil, þó einhver þurrkun muni eiga sér stað.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun að virkjun í Sandá sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum áhrifum á gróður.

### *Fuglalíf*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fuglalíf á svæðinu, en ef tekið er mið af umfangi framkvæmdanna er ljóst að hún mun ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum á fuglalíf á svæðinu.

### *Lífriki Sandár*

Eins og fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila hefur Sandá verið virkjuð um langa tíð, og er sú gamla virkjunin staðsett neðan við þá virkjun sem nú er til umfjöllunar. Því er ljóst að hafi einhver fiskgegn verið upp ána hefur hún takmarkast við svæðið neðan stíflustæðis gömlu virkjunarinnar. Rennsli árinna mun minnka umtalsvert á ákveðnum kafla, en stofnunin getur tekið undir það með framkvæmdaraðila að líklegt sé að vatnsmagnið aukist aftur fljótt á því svæði vegna innrennslis í ána neðan stíflu. Umhverfisstofnun telur að ekki verði um umtalsverð umhverfisáhrif á lífríki Sandár að ræða af völdum ofangreindrar framkvæmdar.

### **Niðurstaða**

Gróðurfar og landslag umhverfis Sandá er einkar aðlaðandi og vel fallið til útivistar. Því telur stofnunin mikilvægt að vel sé vandað til frágangs á mannvirkjum við fyrirhugaða framkvæmd og forðast sé að raska umhverfi árinna að óþörfu. Jafnframt hvetur stofnunin framkvæmdaraðila til þess að taka mið af grenndargróðri við frágang. Það er niðurstaða Umhverfisstofnunar, með hliðsjón af umfjöllun um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar hér að ofan, að virkjun Sandár við Eyvindartungu í Bláskógabyggð sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Ólafur Árnason

|

Helgi Jensson

|

